

Kennsluáætlun 2025-2026

3.- 4. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Jennifer Please

Markmið:

- lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum,
- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum
- tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.
- tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt
- undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel
- flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa,
- tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.
- skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki
- skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans
- skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel
- samið stutta texta frá eigin brjósti.
- sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins
- gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði,
- sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Einstaklings- og hópavinna
- Umræður og spurningar
- Leiðsagnarnám og lausnaleitarnám
- Spil og leikir
- Sjálfsmat

Námsmat:

- Símat - virkni og vinnubrögð í tímum
- Leiðsagnarmat er viðhaft yfir önnina þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína, hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.
- Vinnubækur nemenda, verkefni og kannanir, samvinnu nemenda og samskipti, virkni, hegðun og framkoma í kennslustundum
- Símat
- Sjálfsmat

Námsgögn:

- Ýmis gögn frá kennara
- Vinnubækur
- Munnlegar æfingar og hlustunaræfingar
- Enskar bækur við hæfi
- Æfingar og efni frá ýmsum vefsíðum
- Námsspil